



Sýn var hástökkvarinn í nóvember


Íslenski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði um 2,5% í nóvember rétt eins og hlutabréfamarkaðir helstu viðskiptalanda Íslands. Þrátt fyrir það hefur ávöxtun á íslenska hlutabréfamarkaðnum verið góð á undanförunum 12 mánuðum. Markaðurinn hefur hækkað um tæplega 50% á síðustu 12 mánuðum og er það meiri hækkun en í helstu viðskiptalöndum.

Sé litið til verðþróunar einstakra félaga á OMX-markaðnum í kauphöllinni hækkaði Sýn mest í nóvember, eða um rúmlega 25%. Næstmesta hækkunin var í Síldarvinnslunni, eða 9,5%, þar á eftir kom Eimskipafélagið með 7,6% hækkun og Brim hækkaði svo um 5,4%. Mesta lækkunin var í VÍS sem lækkaði um 10,6% í mánuðinum. Þar á eftir koma Iceland Seafood með 10,5% lækkun, Icelandair Group með 8,6% lækkun og Origo með 7% lækkun. Alls hækkaði verð 6 félaga í kauphöllinni en verð 13 félaga lækkaði. Verð á einu félagi stóð í stað en það var Reitir fasteignafélag.


Eimskipafélagið hefur hækkað mest á síðustu 12 mánuðum

Sé horft á 12 mánaða ávöxtun einstakra félaga hefur hún verið mjög misjöfn. Hlutabréf í Eimskipafélaginu hafa hækkað mest en miklar hækkunir á verði gámaflutninga hafa stutt við rekstur félagsins. Hækkun bréfa Eimskipa á síðustu 12 mánuðum hefur verið 128,6%. Arion banki hefur hækkað næstmest, eða 102,3%. Síðan kemur Origo með 88,1% hækkun og Kvika banki með 81,6% hækkun. Íslandsbanki hefur hækkað minnst eða um 13,4%. Það skýrist að hluta til af því að bankinn var skráður á hlutabréfamarkað í júní og er því ekki ennþá kominn með 12 mánaða sögu. Icelandair Group hefur hækkað um 14,3% en þar á eftir koma Marel með 18,7% hækkun og Hagar með 20,6% hækkun.

Ávöxtun hlutabréfa í nóvember



12 mánaða ávöxtun hlutabréfa






Íslenski markaðurinn lækkaði um 2,5% í nóvember

Íslensk markaðurinn lækkaði um 2,5% í nóvember samkvæmt OMX-vísitölunni. Almennt séð lækkuðu hlutabréfamarkaðir í helstu viðskiptalöndum Íslands. Mest varð lækkunin í Þýskalandi, eða 4,8%, en þar á eftir kom Japan með 3,6% lækkun. Í þriðja sæti kom Danmörk með 3,2% lækkun og þar á eftir Bretland með 2,5% lækkun. Af þeim mörkuðum sem lækkuðu var lækkunin minnst á bandaríska markaðnum en hann lækkaði um 0,8%. Mesta hækkunin var á sænska markaðnum, eða 1,7%, en þar á eftir kom Kína með 0,5% og Noregur með 0,4%.

Íslenski markaðurinn hækkað mest á síðustu 12 mánuðum


Sé litið til þessara sömu markaða sést að hækkunin hefur verið mest hér á landi en markaðurinn hefur hækkað um tæplega 50%. Þar á eftir koma Svíþjóð og Noregur með 29,8% hækkun hvort um sig. Síðan koma Bandaríkin með 26,1% hækkun og Bretland með 13,6% hækkun. Asíumarkaðirnir Japan og Kína reka síðan lestina, Japan með 9,9% hækkun, en kínverski markaðurinn hefur hækkað minnst, eða um 5,1%.

Ávöxtun hlutabréfamarkaða í nóvember



Heimild: Macrobond

12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.